

## Greinargerð vegna kappreiða á Metamóti Spretts 2020

Til þess er málið varðar.

Ég var í Metamótsnefnd Spretts 2020. Ég kom seint inn í nefndina stuttu fyrir mót. Ég sá um skráningar og tölvuvinnslu í dómpalli. Eftir að mótið hófst kom upp að það hafi láðst að setja mótstjóra og var ég beðin um að vera það ég var ekki spennt og ekki undirbúin en tók það að mér. Þegar 150m skeiðið var að hefjast tók ég eftir að SB var skráður þar til leiks með Vökul frá Tunguhálsi sem hann hafði einnig verið með í 250m skeiðinu. Ég hafi orð á því í dómpalli að þetta væri ekki leyfilegt en fékk þau svör frá fólki þar að þetta væri nýleg reglubreyting og að þetta hefði verið gert á skeiðleikum í sumar. Ég reyndi að fletta upp reglum enn fann ekki, við vorum fáliðuð og skeiðið aðeins á eftir áætlun og því féll það milli hluta að kanna þetta frekar. Maður hafði svo samband við mig og benti á að þetta væri ekki leyfilegt, ég bað hann að senda inn formlega ábendingu en hann vildi ekki gera það. Enn fór ég í reglurnar og gat ekki fundið þessa grein í reglunum, þá var okkur tjáð að SB hefði afskráð í 150m skeiðinu og féll málið þá á milli hluta og var ekki aðhafst frekar. Sem auðvitað er okkar sök og ekki til fyrirmyndar.

Ég harma að þetta hafi átt sér stað án þess að gripið hafi verið inn í. Að sjálfsögðu ber okkur skylda til að fara eftir lögum og reglum LH. Þó vil ég nefna að á stórum mótum er mjög erfitt fyrir mótshaldara að lesa nákvæmlega yfir ráslista til að tryggja að þetta gerist ekki. Gott væri ef Sportfengur myndi hafna ólöglegum skráningum, það ætti að vera einfalt í framkvæmd. Þannig að ekki væri hægt að skrá sama hest í 150m og 250m skeið á sama móti, sem og að sami knapi geti ekki skráð í T3 og T7 o.s.frv. Því mun erfiðara er að taka á slíkum málum eftir að mót er hafið og keppni í viðkomandi greinum jafnvel lokið. Er það brotalöm í kerfinu sem ég tel að einfalt sé að laga.

Theódóra Þorvaldsdóttir